

Þingskjal nr. 22 – stefnumótun um nýliðun

Umræður í nefndinni voru á þá leið að nýliðun væri eitt stærsta verkefni L.h. og þörf á þarfagreiningu, aðgerðaáætlun og stefnumótun innan L.h. væri gríðarlega mikilvægt mál. Þetta ætti að gerast í samstarfi við aðildarfélögin og aðra hagsmunaaðila. Í því sambandi mætti nýta krafta Horses of Iceland sem gæti einbeitt sér betur að íslenska markaðinum.

Miklar umræður voru í nefndinni um námsefni og annað sem tengist nýjum iðkendum. Rætt var um hestakost og hesthúspláss og önnur slík vandamál sem leysa þarf með skýrri stefnu.

Æskulýðsnefnd fagnaði tillögunni og var einróma samþykkt og vísa tillögunni til framkvæmdar hjá stjórn L.h.

Æskulýðsnefnd vill einnig taka fram að hún hún leggur áherslu á að passa þarf uppá þátttöku barna og ungmenna á Íslandsmótum og hafa a.m.k. sama fjölda þeirra og fullorðinna. Að öðru leyti var tillagan ekki á dagskrá nefndarinnar.

Þingskjal nr. 20

Nefndin var einnig sammála tillögu nr. 20 um að kanna gildi bakbrynja í hestamennsku og tíðni bakmeiðsla.